

1868.

28. marz.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ráðstafanir til að sporna við því, að menn láti fænað sinn horfalla sökum heyleysis.

Í bréfi 16. októbermán. f. á. hafið þér skýrt frá, herra amtmaður, að þér hafið reynt á seinni árum með ymsum ráðstöfunum¹ að koma á betri hirðing á skepnum í umdæmi því,

- 1) Erindisbréf fyrir hreppsnefndirnar í N. N. sýslu um fjárhirðingu og ásetning o. s. frv.

1.

Til þess að vaka yfir fjárhirðingu bænda og hyggilegum ásetningi, skal í hverjum hrepp vera nefnd manna undir umsjón hlutadeigandi hreppstjóra; hreppsnefndinni má skipta í deildir eptir viðáttu hvers hrepps og fjárfjölda.

2.

Það er ætlunarverk hreppsnefndanna að álíta heybirgðir manna á hverjum bæ, fænaðarfjölda, húsavist fjárens og hirðingu, sem og að leggja á ráðin með ásetning og hvað eina, sem ábótavant mætti vera með tilliti til fænaðarhalds og hirðingar.

3.

Til þess að fullnægja ætlunarverki þessu, skulu skoðunarmenn þrem snum fara yfir hrepp þann eða hreppsdeild, sem þeir eru kjörnir í, og skal fyrsta skoðunin gjörast laust eptir veturnætur, önnur við þorrakomu og hin þriðja um sumarmál.

4.

Á fyrstu umferð sinni skulu skoðunarmenn aðgæta nákvæmlega allan fænað hjá hverjum bónda, og einkum líta eptir því, hvort í honum eru óþrif eður lús. Svo skulu þeir og athuga, hvort tóbakslögur eður annað meðal við óþrifum hafi vandlega verið borið í hverja kind.

Þá skulu þeir og álíta, hvort bændur hafi nógar heybirgðir fyrir fænað sinn, til þess að geta mætt vetri í hardara lagi, og er þá ekki einungis að líta á heymagn og peningsfjölda, heldur einnig á heygæði og landgæði, útlit og undirbúning fjárens. Fá þá skoðunarmenn að aðgættum öllum kringumstæðum álitid einhvern óbirgan með heysöng, skulu þeir fastlega áminna hann um að farga strax svo mörgum skepnum, að hann sé birgur fyrir hinar, og skal þá jafnan lóga þeim kindum, sem minnstur bagi er að farga.

Einnig skulu skoðunarmenn aðgæta fjárhúsin á hverjum bæ

1868.
28. marz.

sem þér eruð settir yfir, og sérílagi að koma því til leiðar, að menn á haustin seti skepnurnar skynsamlega á eptir heyafsa sínum, til þess að forðast afleiðingarnar af heyskorti, en að ráðstafanir þessar hafi reynzt árangurslausar, og að þér þess vegna hafið í haust, er var, skrifað öllum sýslumönnum¹ og brýnt

og líta eptir, hvort húsrýmindi seu nógu mikil, góðir gluggar á mæni og dyraumbúningur svo vandaður, að hann geti verið súgvindi; sé eitthvað áfátt í þessu, skulu þeir áminna hlutadeigendur um að bæta úr því. Þá skulu þeir líka, þar sem þurfa þykir, vanda um að hafa við þrífnað í fjárhúsunum, einkanlega að láta gólfín hvorki vera of blaut eða með ofmikilli mylsnu o. s. frv.

5.

Á annari umferð sinni skulu skoðunarmenn jafn vandlega og í fyrra skipti álíta og aðgæta fænað manna, heybirgðir og fjárhúsin, komast eptir, hvort ráðleggingum þeirra hafi verið hlýtt og með ráði og dád bæta úr því, er ábótavant þykir.

6.

Við þriðju skoðun skal einnig aðgæta hverja sauðkind og taka eptir holdum og útliti fjárens; þá skal og einnig athugað, hvernig heyin hafa enzt hjá hverjum bónda.

7.

Allt það, sem framfer og aðgjörist við hverja skoðunarferð, riti nefndarmenn í bók hjá sér og skal hreppstjóri að aflokinni hverri skoðun senda sýslumanni sínum eptirrit af bókinni.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 30. sept. 1858.

Havstein.

- ¹) Bréf amtmannsins í norður- og austuramtinu til allra sýslumanna í amtinu, dagsett 25. septembermán. 1867.

Jafnvel þó reynsla undanfarinna ára hafi nógsamlega vottað, að ógátilegur heyásetningur er hið versta átumein allrar velmegunar og hagsældar þessa umdæmis, og þótt ýmsar ráðstafanir einkum á seinni tímum hafi verið gjörðar af hálfu hins opinbera til að afstýra þessari voðalegu óreglu, þá samt hefir næstliðinn vetur með órákum rökum sýnt og sannað, að almenningur er næsta skammt á veg kominn í nauðsynlegri fyrirhyggju, hvað heyforða snertir, þar sem fjöldi manna missti skepnur sínar úr hor, og margir hlutu að verja svo miklum korngjöfum til þess að halda lífinu í skepnum sínum, að þeir nú ekki geta fengið lífsbjargar nauðsynjar sínar sökum kornskulda í kaupstöðunum.

Til þess nú, ef mögulegt væri, að koma í veg fyrir þenna háskalega heyásetning, sem of margir búendur hafa tæmið sér að

1868.
28. marz.

fyrir þeim opið bréf 29. ágústmán. 1862 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnun, og látið kunngjöra, að hver sá, sem á vetri komandi eða framvegis verður heylaus vegna óskynsamlegs ásetnings, og annaðhvort horfelliir skepnur sínar eða sker þær niður aðfram komnar af fódurskortí, muni vægðarlaust verða lögsóktur fyrir illa meðferð á skepnun. Hafið þér þar á ofan skotið því til sýslumannanna, hvort ekki mundi vera tiltæki-legt að svipta þá fjárforráðum sínum á lögskipaðan hátt, er þiggja af sveit, en vilja ekki hlýðnast góðum ráðum hreppstjóra sinna hvað heyásetning snertir, og hafið þér að endingu beiðzt álits dómsmálastjórnarinnar um ráðstafanir þessar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbein-ingar, að eins og stjórnarráðið hlýtur að álíta það alveg átyllu- laust að heimfæra ákvarðanirnar í opnu bréfi 29. ágústmán. 1862 uppá tilfelli þau, sem hér er um að ræða, eins getur

undanfórnu, vildi eg þenustusamlega mega mælast til, að þér, herra (tit.) brýnið alvarlega fyrir sýslubúum yðar, bæði með bréfum til hreppstjóranna og á annan hátt, þýðingu opins bréfs frá 29. ágústmán. 1862, og látið sérilagi hreppstjórana taka það ský- lauslega fram við almenning, að höfðað verði vægðarlaust mál gegn hverjum þeim, sem á í hönd farandi vetri og eptirleiðis fyrir óhyggilegan ásetning kemst í heyþrot, og annaðhvort drepur skepnur sínar úr hor, eða sker þær afsvana og aðfram komnar af fódur- skorti; bið eg yður einnig að skipa hreppstjórunum að tilkynna yður undandrátta- og tafarlaust, þegar slíkt að höndum ber, eins og þér líka verðið að taka það fram í bréfum yðar til hreppstjór- anna, að sektir þær, sem áður nefnt lagaboð leggur við hordauða, verði eptir lögum þeim, sem nú gilda hér á landi, afplánaðar með líkamlegri hegningu, þar sem engin geta er til, að sektirnar verði greiddar.

Að endingu vil eg leyfa mér að skjóta því til yðar, herra (tit.), hvort ekki mundi vera tiltækilegt að svipta þá fjárforráðum sínum á lögskipaðan hátt, er þiggja af sveit, en vilja ekki hlýðnast góðum ráðum hreppstjóra sinna hvað heyásetning snertir, svo hreppstjórar gæti sæð um heyásetning hjá þeim, sem skipaðir fjár- haldsmenn þeirra.

Um aðgjörðir yðar í þessu efni vona eg að fá frá yður ávisun hið allra bráðasta.

Havstein.

1868.
28. marz.

stjórnarráðið með engu móti fallizt á, að þær, herra amtmaður, hafið skotið til sýslumannanna, hvort ekki ætti að svipta þá fjárforráðum sínum, sem lagt er af sveit, og skeyta ekki ráðum hreppstjóranna um ásetning skepna.

17. apríl.

17. Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrætti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrættindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatafs þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðtöldum — fram og aftur; skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, er gilda um slíkar siglingar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 17. dag aprílmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Samkvæmt opnum bréfum 1. septembermán. 1819 og 5. septembermán. 1820 var skipum danskra þegna einum geymdur rættur á að flytja vörur hafna á milli í konungsríkinu og eins áður fyrri milli konungsríkisins og hertogadæmanna Slæsvíkur og Holtsetalands á skipum, sem voru 15 kaupskipalestir að rúm-máli eða þaðan af minni, en með lögum 14. aprílmán. 1865 var stjórninni veitt heimild til, ef jafnrætti kæmi á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrættindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á